

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**745. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 16. apríl 2012**  
**kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
2. Bréf Umhverfissráðuneytisins.
3. Bréf Strandabyggðar.
4. Bréf Óbyggðanefndar.
5. Bréf Umf. Kormáks.
6. Bréf Iðnaðarráðuneytisins.
7. Bréf Þjóðskrár Íslands.
8. Tjaldsvæði í Kirkjubhvammi, ársskýrsla 2011.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram til kynningar bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 2. apríl s.l. um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríks og sveitarfélaga.
2. Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 4. apríl s.l. um flokkun vega utan vegakerfis Vegagerðarinnar. Erindinu vísað til skoðunar skipulags- og umhverfissráðs.
3. Lagt fram bréf Strandabyggðar dags. 4. apríl n.k. athugasemd við drög að samstarfssamningi barnaverndarnefndar Húnaþings vestra, Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps, Árneshrepps og Reykhólahrepps. Sveitarstjórn Strandabyggðar óskar eftir að samningurinn gildi út árið 2014, en ekki út kjörtímabil sveitarstjórna. Byggðarráð samþykkir ofangreinda tillögu sveitarstjórnar Strandabyggðar um gildistíma samnings.
4. Lagt fram til kynningar bréf Óbyggðanefndar dags. 30. mars s.l. þar sem tilkynnt er að kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra á svæði 8A er framlengdur til 30. júní 2012
5. Lagt fram bréf Ungmennafélagsins Kormáks dags 9. apríl s.l. þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 60.000 vegna hátíðahalda á sumardaginn fyrsta 2012. Byggðarráð samþykkir styrk að upphæð kr. 50.000 í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ársins 2012.
6. Lagt fram til kynningar bréf Iðnaðarráðuneytisins dags. 23. mars s.l. þar sem sveitarfélögum er gefinn kostur á að senda athugasemdir og ábendingar við þingsályktunartillögu um stefnu um lagningu raflína í jörð. Samþykkt að Elín R. Línal verði fulltrúi sveitarfélagsins á málstofu málefnisins 11 maí n.k.
7. Lagt fram til kynningar bréf Þjóðskrár Íslands dags. 3. apríl s.l. um kjörskrárstofna vegna forsetakosninga 30. júní 2012.
8. Lögð fram til kynningar ársskýrsla Tjaldsvæðis í Kirkjubhvammi árið 2011. Byggðarráð samþykkir að setja upp útivaska við þjónustuhúsið í Kirkjubhvammi.  
Samþykkt að taka á dagskrá:
9. Fræðslu- og félagsmálastjóri ásamt skólastjóra grunnskóla Húnaþings vestra eru mætt til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir fyrirkomulag skólajónustu á Borðeyri næsta vetur.
10. Tekið til afgreiðslu erindi Héraðssambands Strandamanna, sem frestað var á 743. fundi byggðarráðs. Byggðarráð hafnar beiðni Héraðssambandsins um rekstrarstyrk.
11. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Rakel Runólfsdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins til næstu tveggja ára í stjórn Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:36

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Sigurður Kjartansson